

# Frumvarp til laga

## um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið laganna.

##### 1. gr.

##### *Markmið laganna.*

- Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslu-  
þátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að
- stuðla að þjóðfélagslega heppilegri verðlagsþróun og vinna gegn ósanngjörnu verði, hagnaði og viðskiptaháttum.
  - vinna gegn óbilgjörnum verzlunar- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið laganna.*

Lögin taka til hverskonar atvinnustarfsemi á sviði framleiðslu, verzlunar og þjónustu án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum.

Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Lögin ná ekki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um skiptingu verksviðs og valds, milli viðkomandi aðila að því er varðar atvinnustarfsemi, sem hlítir sérstakri löggjöf.

### II. KAFLI

#### Stjórnarsýsla.

##### 3. gr.

Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðgæzluráðs og verðgæzlu-skrifstofu.

Í verðgæzluráði eru 9 menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins, en Hæstiréttur 2 menn. Enn fremur skipar viðskiptaráðherra 6 menn, 3 eftir sameiginlegri tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, og 3 eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands.

Þeir tveir menn, sem Hæstiréttur skipar, skulu vera óháðir atvinnufyrir-

# Frumvarp til laga

## um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið laganna.

##### 1. gr.

##### *Markmið laganna.*

Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslu-  
þátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

- a. stuðla að þjóðfélagslega heppilegri verðlagsþróun og vinna gegn ósanngjörnu verði, hagnaði og viðskiptaháttum.
- b. vinna gegn óbilgjörnum verzlunar- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið laganna.*

Lögin taka til hverskonar atvinnustarfsemi á sviði framleiðslu, verzlunar og þjónustu án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum.

Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Lögin ná ekki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um skiptingu verksviðs og valds, milli viðkomandi aðila að því er varðar atvinnustarfsemi, sem hlítir sérstakri löggjöf.

### II. KAFLI

#### Stjórnarsýsla.

##### 3. gr.

Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðgæzluráðs og verðgæzlu-skrifstofu.

Í verðgæzluráði eru 9 menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins, en Hæstiréttur 2 menn. Enn fremur skipar viðskiptaráðherra 6 menn, 3 eftir sameiginlegri tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, og 3 eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands.

Þeir tveir menn, sem Hæstiréttur skipar, skulu vera óháðir atvinnufyrir-